

Áveitan

10 tfl. 8. árgangur. Október 2014

Málþing um framtíð ungmennafélaganna í Flóahreppi 13. október

Nú þegar 10 ár eru liðin síðan Flóaskóli var stofnaður og sveitarfélagið Flóahreppur varð til í kjölfarið hafa ungmennafélögin í Flóahreppi ákveðið að boða til málþings um framtíð ungmennafélaganna í Flóahreppi. Í okkar samfélagi þar sem gömlu hreppamörkin verða sífellt óljósari heyrast oft raddir sem vilja að í Flóahreppi verði eitt ungmennafélag sem haldi utan um íþrótt- og menningarstarfsemi sveitarfélagsins. Börnin í sveitinni séu saman í skóla og keppi nú þegar undir sama merki í íþróttum.

Á málþinginu verður farið yfir þær sameiningarhugmyndir sem stjórnir ungmennafélaganna hafa rætt á síðustu misserum og í kjölfarið verða almennar umræður um hverskonar íþrótt- og menningarlíf íbúar í Flóahreppi vilja að fari fram í sveitinni. Hvernig er hægt að hafa starfið sem fjölbreyttast og að sem flestir vilji taka þátt?

Málþingið mun fara fram í Félagslundu mánudagskvöldið 13. október og hefst kl 20:30.

Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa að mæta og viðra sínar skoðanir á málinu. Sérstaklega viljum við hvetja foreldra barna á skólaaldri til að koma og móta þannig með okkur framtíðina í íþrótt- og menningarstarfi sveitarinnar.

Léttar veitingar í boði ungmennafélaganna og vonandi góðar umræður í sönnum ungmennafélagsanda.

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka



Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi bæði í Flóaskóla og Krakkaborg. Myndarleg uppbygging hefur átt sér stað og starfsmenn og nemendur Flóaskóla njóta nú þegar glæsilegrar aðstöðu til þess að sinna verkefnum sínum. Bygging leikskólans gengur samkvæmt áætlun og mikill metnaður og kraftur í liðsmönnum JÁ verk að standast allar tímaáætlanir. Starfsmönnum leikskólans er öllum færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina við það að leysa húsnæðismálin á biðtímanum eftir nýja húsinu. Í báðum skólunum, Krakkaborg og Flóaskóla fer fram metnaðarfullt starf þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í góðri liðsheild.

Framkvæmdum við Urriðafoss er að mestu lokið og hefur sveitarstjórn ákveðið að formleg verklok verði kynnt með athöfn og afhjúpun á upplýsingaskilti um leið og Umhverfisverðlaun Flóahrepps verða afhent. Tímasetning liggur fjótlega fyrir og verður þá auglýst á heimasíðu Flóahrepps og víðar.

Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlana stendur yfir hjá stjórnendum stofnana og sveitarstjórn Flóahrepps. Miklar breytingar urðu á árinu í stjórnendahópnum og hefur verið ákveðið að starfsmenn KPMG endurskoðunar bjóði upp á námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, starfsmenn og stjórnendur stofnana, varðandi áætlanagerð og önnur mikilvæg atriði fjármálastjórnunar. Námskeiðið verður haldið 8. október, í Þingborg. Með þessum hætti verður reynt að tryggja samfellu í fjármálastjórninni og auka öryggi stjórnenda við alla ákvarðanatöku. Flóahreppur sendi 2 fulltrúar á þing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri dagana 24. – 26. september, Framundan er svo Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna og ársþing Sambands sunnlenskra sveitarfélaga. Mikilvægt er að sinna þeim þætti sem snýr að því að gera sveitarfélagið gildandi meðal annarra og auka sýnileika þess útávið. Það auðveldar eftirfylgni mála og stuðlar að samstöðu sveitarfélaganna á svæðinu við hagsmunagæslu útávið. Þingmenn bjóða upp á viðtöl í „Kjördæmaviku“ sem nú stendur yfir og frammundan eru fundir með Fjárlaganefnd alþingis. Það má því segja að það hafi verið í mörg horn að líta og starfið líflegt.

Almannavarnir á svæðinu hafa staðið vaktina vegna eldsumbrota í Holuhrauni. Búið er að láta íbúa á hugsanlegum flóðasvæðum vita af lista yfir þau símanúmer sem hringt verður í ef til rýmingar kæmi. **Almannavarnir hafa boðað til á íbúafundar í Þingborg fimmtudaginn 2. október klukkan 20.00, þar sem farið verður yfir stöðu mála.**

Sveitarstjóri Flóahrepps.

3. Áfangaskýrsla ferðamála- og Flóahrepps

Sælir sveitungar,

Þá er þriðja áfanga klasaverkefnisins og jafnframt seinasta lokið og langaði mig því að fara yfir verkefnið.

Frá síðustu áfangaskýrslu hefur viðburðadagatalið verið klárað. Við sóttum um styrk í umhverfissjóð Landsbankans fyrir framlengingu á Ásaveginum sem fékkst því miður ekki. Höfuðfatasamkeppnin gekk gríðarlega vel og bárust um 60 höfuðföt í keppnina. Keppnin vakta mikla athygli og birtist meðal annars í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Bændablaðinu, Dagskránni og í Sunnlenska.

Klasinn tók ákvörðun um að búa til hugmynd að menningarferð um Flóahrepp. Okkur fannst mikilvægt að hafa ferðina þannig að farin væri nokkurs konar hringur um sveitina sem og hafa hana sem allra fjölbreyttasta. Nálgastrá má ferðina inna á heimsíðu Flóahrepps undir Ferðapjónusta.

Einnig tók klasinn ákvörðun um gera bækling á ensku til þess að ná til erlendraferðamanna, um það helsta sem finna má í Flóahreppi. Nálgastrá má bæklinginn á heimasíðu Flóahrepps undir Ferðapjónustasem og á helstu upplýsingarmiðstöðum á svæðinu. En hann var prentaður út í 5 þúsund eintökum.

Þetta eru allt liðir því að styrkja og efla svæðið og gera hreppinn sýnilegri út á við. En markmið klasans í upphafi var að gera Flóahrepp sýnilegri út á við, stuðla að stækkun og vexti innan ferðapjónustunnar á svæðinu sem og ná fram ákveðni hagræðingu með sameiginlegu markaðsátaki. Ég tel að við séum búin að vinna vel að þessum markmiðum. Bæðum höfum við unnið saman að því að gera Flóakortið, Suðurstrandakortið, Höfuðfatasamkeppnina, hugmynd að menningarferð um Flóahrepp sem og ferðabæklinginn. Einnig stóðum við fyrir sameiginlegu markaðs- og kynningarstarfi á Menningarnótt þar sem klasinn tók sig saman og hélt „Fjör í Flóa“ á Menningarnótt. Þar voru við með sýnishorn af því sem Flóahreppur hefur upp á að bjóða. Viðburðurinn var auglýstur í dagskrá menningarnæturs, gerður var viðburður á fb síður Flóahrepps, auglýsing var sett á heimasíðu Flóahrepps, boðskort var sent á ferðaskipuleggjendur og einnig fjallaði Magnús Hlynur um viðburðinn í fréttum stöðvar 2.

Ástæða þess að ég sótti um styrk fyrir þetta verkefni var vegna þess að ég sá tækifæri fyrir Flóahrepp og íbúa þess. Að mínu mati var ýmislegt sem vantaði til þess að gera sveitina okkar sýnilega t.d. heimasíða Flóahrepps, þar voru litlar sem engar upplýsingar að finna. Upplýsingar sem gerir sveitafélagið að áhugaverðum stað, hvort sem er fyrir ferðamenn, heimamenn eða fólk sem hefur áhuga á að setjast hér að eða vera með starfsemi hér. Ég ákvað því að kalla saman íbúa sem einnig sáu tækifæri í því að starfa saman að því að efla

ímynd svæðisins. Þaðhefur áhrif á alla íbúa eftir því sem ímynd hreppsins styrkist og eflist út á við. Það ætti að hafa í för með sér að fleiri sjái hag í því að búa hér og/eða vera með starfsemi hér. Sem síðan hefur áhrif t.d. á fasteignaverð og skólana o.s.v.frv. Koma ferðamanna á svæðið hefur keðjuverkandi áhrif þ.e. það nýtist ekki eingöngu þeim sem starfa í ferðaþjónustu heldur líka þeim sem eru með annarskonar starfsemi eins og bifvélavirkjar, smiðum og bændum. Það er t.d. ekki að ástæðulaus sem það er mjólkur-, kjöt- og grænmetisskortur í landinu, það þarf að fæða og þjónusta alla þá ferðamenn sem koma hinga til lands og það ætti að vera jákvætt fyrir þá sem eru með framleiðslu af einhverju tagi. En að mínu mati þá á hugtakið klasi innan klasafræðinnar ekki við um lítið samfélag eins og Flóahrepp þ.e. það er ekki hægt að bera saman samfélag þar sem um 20 aðilar eru í einhverskonar þjónustu við t.d. framleiðslufyrirtæki á Ítalíu sem starfa saman með formlegum hætti til að ná fram hagræðingu í rekstri. Ég sé því ekki ástæðu til þess að „Klasinn“ stofni eitthvað formlegt samstarf með öllu þeim kostnaði sem því fylgir. En það geta aftur á móti alir verið sammála því að samstarf sé að hinu góða og hefur þetta ár til að mynda gefið aðilum innan klasans tækifæri á kynnast hvert öðru og starfsemi hvers annars. Sem hefur leitt til þess að fólk nýtir sér þjónustu hvers annars og bendir gestum sínum á aðra sem eru með þjónustu í sveitafélaginu. Helsta hagræðingin fyrir þessa aðila er að vinna að sameiginlegum markaðs- og kynningarmálum eins og þeir hafa gert síðastliðið ár. Er því von mín að „Klasinn“ muni halda áfram að vinna að sameiginlegum verkefnum því tengdu eins t.d. gerð korta og bæklinga. Nú er ákveðin grunnvinna hafin sem hægt er að nota í áframhaldandi verkefni, Flóahreppi og íbúum þess til góða.

Nú er starfi mínu fyrir Flóahrepp formlega lokið. Ég er virkilega þakklát fyrir þetta tækifæri sem fyrrverandi sveitastjóri og sveitastjórn gáfu mér. Það hefði aldrei orðið að þessu verkefni nema fyrir þeirra jákvæðni. Einnig vil ég þakka þeim aðilum sem hafa staðið við bakið á mér síðastliðið ár og unnið með mér að þessu verkefni. Þau verkefni sem hafa verið unnin hefðu aldrei orðið til nema fyrir ykkar þátttöku. Þetta hefur verið mikil og skemmtileg reynsla fyrir mig sem og gefið mér tækifæri á að kynnast sveitinni minni og sveitungum.

Kærar kveðjur,

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
Forsæti I, Flóahreppi

Frá skólastjóra Flóaskóla

Hvað manstu mest eftir frá grunnskólagöngu þinni?

Það er alltaf gaman að spyrja fólk að því hvað það er sem það man mest eftir frá grunnskólagöngu sinni. Oftar en ekki snerta svörin atvik sem varða samskipti á milli þeirra og jafnaldra eða samskipti þeirra og hinna fullorðnu. Ég heyrði fullorðinn man segja um daginn að hann hefði nú alltaf verið svo hræddur við gangavörðinn í skólanum og væri ennþá óöruggur ef hann hitti hann í búðinni í hverfinu en ástæðan var svo sáralítill, hann hafði eitt sinn skammað hann fyrir eitthvað sem hann gerði ekki og nóg varð það til að hann upplifði stöðugan ótta gagnvart honum. Þetta hljómar kannski full dramatískt en heimur barnsins er einfaldur og viðkvæmur.

Annað sem vekur áhuga minn þegar ég ber upp þessa spurningu, það er hvað varðar námsefni og námsfög. Einn svarar þemavikurnar og leikritin og geta jafnvel farið með þuluna sem það fór með á jólaskemmtun skólans í fjórða bekk. Annar nefnir ómældan tíma sem fór í að stífla lækinn í frímínútum, aðrir nefna jafnvel verk sem þau gerðu í verkgreinum sem hanga enn uppá vegg heima hjá mömmu. Eitt er þó víst að þótt börnin sitji öll í sömu fögum þá er eftirtekt þeirra og áhugi á verkefninu alltaf misjafn og upplifun þeirra verður aldrei sú sama. Sumir muna allt sem þeir lærðu í náttúrufræði meðan aðrir muna stærðfræðina eða tungumálin. En það virðist einnig vera staðreynd að þótt þau fari öll í gegnum sama þekkingarforðann þá er mjög misjafnt hvað situr eftir hjá hverjum og einum. Þetta viljum við í Flóaskóla hafa ofarlega í huga við skipulag náms og kennslu. Við viljum kenna nemendum í gegnum áhugasvið þeirra og reynsluheim og við teljum það vera lykillinn að námsárangri barnanna.

Flóaskóli hefur ákveðið að taka upp uppeldisstefnuna uppeldi til ábyrgðar. Hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömmum, hótunum, sektarkennd eða væntingum og lofordum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín.

Uppeldi til ábyrgðar miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og

sjálfstjórn barna og unglunga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. Segja má að breyting verði á kenniviðmiðum skólasamfélagsins varðandi samskipti og aga.

Hér í Flóaskóla er öflugur mannauður starfsfólks sem vinnur hörðum höndum að markvissri skólaþróun með það að markmiði að hámarka velferð hvers og eins.

Anna Greta Ólafsdóttir
Skólastjóri

Bazar 8. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að bazar laugardaginn 8. nóvember 2014 kl. 14-18 í Þingborg. Allur ágóði rennur til styrktar nýrri göngudeild við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.

Kaffihúsastemning, kökubazar og fjölbreytt handverk til sölu.

- Kl.15 kynnrir Labbi kærleiksdiskinn sinn "Lítið ljós" og leikur lög fyrir gesti.
- Kl.16 verða kynntar nýútkomnar bækur frá Sunnlenska bókakaffinu.

Tekið verður við greiðslukortum.
Handverk til styrktar þessu góða málefni er vel þegið.

*Kvenfélögin, Gaulverjabæjarhreppi,
Hraungerðishreppi og Villingaholtshreppi.*

Frá leikskólanum Krakkaborg

September hefur verið ansi öfgakenndur á köflum og þá aðallega veðurfarslega. Það er boðið upp á allskyns veður og allt á sama deginum og má segja ómögulegt að klæða sig eftir veðri.

Líf og starf í Krakkaborg gengur sinn vanagang. Aðlögun er lokið og gekk hún í alla staði vel. Dagskipulag og rútína komin vel í gang á öllum deildum og ýmis verkefni farin af stað. Á Ugludeild og Lóudeild voru börnin að vinna verkefni um haustið og bjuggu til falleg haustlistaverk úr laufblöðum sem hanga til sýnis inn á deildum. Nemendur á Krummadeild voru að ljúka við verkefni um eldgosíð í Holuhrauni og kom hugmynd af þessu verkefni frá nemendum sjálfum, enda umfjöllun um eldgosíð mikil allt í kringum þau. Á Krummadeild fara börnin einnig í ART þar sem þau læra m.a. aukna félagsfærni og reiðistjórnun. Síðustu vikur höfum við verið að fjalla um hvernig við hlustum hvert á annað, hvar reiðin á heima og afhverju verður við reið og í lok september byrjuðum við að ræða um vináttuna og hvernig góðir vinir koma fram hver við annan.

Samstarf leikskólans og Flóaskóla gengur vel og kom 1. bekkur Flóaskóla í heimsókn í Krakkaborg í september. Elstu börn Krakkaborgar fara svo í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla 23. október n.k. Stjórnendur Flóaskóla hafa veitt okkur í leikskólanum afnot af bókasafni þeirra, heimilisfræðistofu og textílstofu þegar þær stofur eru ekki í notkun og þökkum við þeim kærlega fyrir. Það getur verið mjög gott að eiga fleiri rými til að nota þegar veður fer að versna og ekki hægt að vera eins mikið úti og núna.

Framundan eru foreldraviðtöl, en þau eru haldin um miðjan október. Starfsfólk Krakkaborgar fer á Haustþing 8. Deildar Félags leikskólakennara 3. október en þar verður boðið upp á fjölda fyrirlestra og málstofa er tengjast leikskólastarfinu. Leikskólinn er því lokaður þennan dag. 31. október lokar leikskólinn klukkan 12 vegna starfsmannafundar en þá fer allt starfsfólk leikskólans á skyndihjálparnámskeið.

Með kveðju,
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2013. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 1000 kr í ár. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri Umf Vöku

Frá Kirkjukór Hraungerðis og Villingaholtskirkna

Nú er vetrarstarfið að byrja hjá kirkjukórnum og verða æfingar í Þingborg á þriðjudagskvöldum kl: 20:30 eins og venjulega. Stjórnandi kórsins er Ingi Heiðmar Jónsson.

Æft verður fram að jólum og frá febrúar fram yfir hvítasunnu og í bland við sálma, verða æfð veraldleg lög ný og gömul.

Í gegnum tíðina hefur kórinn gert ýmisleg sér til gamans til að brjóta upp starfið farið í ferðir og heimsótt aðrar kirkjur og sungnar messur, farið út að borða og margt fleirra. Hvetjum við nýtt söngfólk til að mæta á æfingu og taka þátt í skemmtilegu starfi og efla starf kirkjukórsins, flestir vilja jú hafa söng í kirkjunum er það ekki?

stjórnin

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Haustfundur félagsins verður haldinn miðvikudagskvöldið 8. október kl: 20:30 í Þingborg. Mætum vel og ræðum starfið framundan og eigum góða stund saman.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin.

Kaffihópur: Guðbjörg Jónsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir, Gunnur Gunnarsdóttir, Jónína Einarsdóttir, Svanhvít Hermannsdóttir og Elsa Birna Björnsdóttir.

Heiðursnafnbótasamsæti

Laugardaginn 4. október býður Umf. Samhygð félögum sínum, vinum og velunnurum í kaffisamæti í Félagslundi kl.15:00. Tilfni þessa viðburðar er það að á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að útnefna nokkra valda félaga heiðursfélaga í Umf. Samhygð eftir langt hlé. Á dagskrá er auk þess að verðlauna afreksíþróttafólk félagsins fyrir góðan árangur.

Stjórnin-

Hautball í Félagslundi

Hautballið sívinsæla verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 4. október. Jón „Skeiðungur“ Bjarnasyni spilar fyrir dansi. Húsið opnar kl. 22:00 og kostar miðinn 2.500 kr og er vissara fyrir gesti að hafa meðferðis reiðufé. Sjáumst hress!

Nefndin og Umf Samhygð

Glímuæfingar

Glímuæfingar Þjótanda eru komnar af stað og eru ágætlega sóttar. Æfingar fyrir yngri iðkendur eru á mánudögum að loknum skóladegi í Flóaskóla frá kl. 14 til 15 í Þjórsárveri. Æfingar fyrir eldri iðkendur eru á fimmtudagskvöldum í Félagslundi frá kl. 20 til 21:30. Öllum er velkomið að reyna sig í glímunni, þjálfari er Stefán Geirsson og Guðrún Inga Helgadóttir verður honum til aðstoðar á mánudagsæfingunum.

Fyrsti mótadagur vetrarins verður síðan haldinn að Laugalandi í Holtum laugardaginn 1. nóvember er dagskrá hans eins og hér segir:

Meistaramót 15 ára og yngri	kl 10:30
Öldungamót GLÍ	kl 12:30
Sveitaglíma 15 ára og yngri	kl 13:00

Úrslit af Flóamóti

Það voru 26 hressir krakkar sem tóku þátt í Flómótinu 5. september sl. í ágætu haustveðri. Eftir mótið voru grillaðar pylsur og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Gott mót og góð stemmning. Hér koma úrslitin.

60 m hlaup 1.-4. bekkur strákar

1. Daði Kolviður Einarsson	10,2 sek
2. Sigurjón Reynisson	11,3 sek
3. Hjalti Geir Jónsson	11,4 sek
4. Oddur Olav Davíðsson	11,7 sek
5. Auðunn Ingi Davíðsson	11,9 sek
6. Viðar Hrafn Victorsson	12,1 sek
7. Helgi Reynisson	13,7 sek
8. David Örn Sævarsson	14,1 sek
9. Arnór Leví Sigmarsson	14,8 sek
10. Óskar Freyr Sigurðsson	15,0 sek

60 m hlaup 1.-4. bekkur stelpur

1. Lára Bjarnadóttir	13,7 sek
2. Ásdís Eva Magnúsdóttir	13,9 sek
3. Svandís Sævarsdóttir	14,2 sek
4. Melkorka Álfðís Hjartard.	14,3 sek
5. María Brá Baldursdóttir	15,0 sek
6. Eva Bragadóttir	15,3 sek
7. Þórunn Eva Ingvarsdóttir	15,6 sek

60 m hlaup 5.-7. bekkur strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	9,4 sek
2. Unnsteinn Reynisson	10,3 sek
3. Sæþór Atlason	10,4 sek
4. Einar Skeggjason	10,8 sek
5. Victor Örn Victorsson	10,9 sek

100 m hlaup 8.-10. strákar

1. Brynjar Jón Brynjarsson	15,8 sek
2. Hugi Snær Jónsson	16,7 sek

100 m hlaup 8.-10. bekkur stelpur

1. Sunna Skeggjadóttir	14,4 sek
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	18,1 sek

Langstökk 1.-4. bekkur strákar

1. Sigurjón Reynisson	3,25 m
-----------------------	--------

2. Daði Kolviður Einarsson	3,18 m
3. Viðar Hrafn Victorsson	2,89 m
4. Auðunn Ingi Davíðsson	2,81 m
5. Hjalti Geir Jónsson	2,78 m
6. Oddur Olav Davíðsson	2,70 m
7. Helgi Reynisson	2,55 m
8. Óskar Freyr Sigurðsson	2,04 m
9. David Sævarsson	1,60 m
10. Arnór Leví Sigmarsson	1,50 m

Langstökk 1.-4. bekkur stelpur

1. Lára Bjarnadóttir	2,31 m
2. Þórunn Eva Ingvarsdóttir	2,14 m
3. Svandís Sævarsdóttir	2,06 m
4. Ásdís Eva Magnúsdóttir	1,98 m
5. Melkorka Álfðís Hjartard.	1,92 m
6. María Brá Baldursdóttir	1,82 m
7. Eva Bragadóttir	1,60 m

Langstökk 5.-7. bekkur strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	4,07 m
2. Unnsteinn Reynisson	3,49 m
3. Sæþór Atlason	3,23 m
4. Einar Skeggjason	2,73 m
5. Victor Örn Victorsson	2,50 m

Langstökk 8.-10 bekkur strákar

1. Brynjar Jón Brynjarsson	3,34 m
2. Hugi Snær Jónsson	3,22 m

Langstökk 8.-10. bekkur stelpur

1. Sunna Skeggjadóttir	4,18 m
------------------------	--------

Kúluvarp 5.-7. bekkur strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	8,31 m
3. Sæþór Atlason	6,88 m
2. Unnsteinn Reynisson	5,60 m
4. Einar Skeggjason	4,98 m

Kúluvarp 8.-10. bekkur strákar

1. Brynjar Jón Brynjarsson	7,20 m
2. Hugi Snær Jónsson	3,97 m

Kúluvarp 8.-10. bekkur stelpur

1. Sunna Skeggjadóttir	7,69 m
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	6,56 m

400 m hlaup 1.-4 bekkur strákar

1. Daði Kolviður Einarsson	1:30,4 mín
2. Sigurjón Reynisson	1:33,4 mín
3. Viðar Hrafn Victorsson	1:48,7 mín
4. Hjalti Geir Jónsson	1:52,7 mín
5. Auðunn Ingi Davíðsson	1:53,3 mín
6. Oddur Olav Davíðsson	2:08,5 mín
7. Óskar Freyr Sigurðsson	3:01,0 mín

400 m hlaup 1.-4. bekkur stelpur

1. Lára Bjarnadóttir	2:14,8 mín
2. Melkorka Álfðís Hjartardóttir	2:18,8 mín
3. María Brá Baldursdóttir	2:19,1 mín
4. Svandís Sævarsdóttir	2:33,0 mín
5. Eva Bragadóttir	2:33,2 mín

400 m hlaup 5.-7. bekkur strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	1:17,6 mín
2. Einar Skeggjason	1:34,1 mín
3. Unnsteinn Reynisson	1:36,1 mín
4. Sæþór Atlason	1:42,8 mín
5. Victor Örn Victorsson	1:43,2 mín

400 m hlaup 8.-10. bekkur strákar

1. Brynjar Jón Brynjarsson	1:52,0 mín
2. Hugi Snær Jónsson	2:04,8 mín

Úrslit úr hjólarallý Umf. Vöku

Hjólarallý Umf. Vöku fór fram í malargryfjunum við Hurðarbaksveg 11. ágúst sl. Keppendur voru 9 talsins á ýmsum aldri og spreyttu þeir sig á nokkuð áhættusamri braut sem innihélt bæði vegasalt og drullupytt. Að keppni lokinni var opin sjoppa í skotti á bíl og gerðu viðstaddir öllum tegundum góð skil. Að lokum var verðlaunaafhending þar sem allir fengu viðurkenningarskjál.

1. Unnsteinn Reynisson	36,95 sek
2. Dagur Fannar Einarsson	38,21 sek
3. Pétur Þó Brynjólfsson	39,79 sek
4. Heinz Jóhann Brynjólfsson	39,93 sek
5. Brynjólfur Jóhannsson	43,34 sek
6. Sigurjón Reynisson	47,21 sek
7. Hjalti Geir Jónsson	48,79 sek
8. Aldís Tanja Söndrudóttir	51,81 sek
9. Daði Kolviður Einarsson	63,70 sek

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn fimmtudaginn 23. október klukkan 20.00 upp á lofti í Félagslund.

Efni fundar er starfið framundan, basarvinnan og fleira skemmtilegt.

Nýjar konur velkomnar í góðan félagsskap.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Almannavarnarfundur	2. október
Glímuæfing eldri	2. október
Heiðursfélagasamsæti	4. október
Haustball	4. október
Glímuæfing yngri	6. október
Íþróttæfing eldri	7. október
Skákæfing	8. október
Haustfundur Kv. Hraung.	8. október
Glímuæfing eldri	9. október
Glímuæfing yngri	13. október
Málþing ungmennafélaganna	13. október
Íþróttæfing eldri	14. október
Skákæfing	15. október
Glímuæfing eldri	16. október
Glímuæfing yngri	20. október
Íþróttæfing eldri	21. október
Skákæfing	22. október
Glímuæfing eldri	23. október
Haustfundur Kv. Gaulv.	23. október
Glímuæfing yngri	27. október
Íþróttæfing eldri	28. október
Skákæfing	29. október
Glímuæfing eldri	30. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160